dægrastytting. Heill hópur fólks sem fann meira til í buddunni en í sálartetrinu var því í áratugi hæstánægður með sína yfirborðslegu rithöfunda og eins léttvæga list og hugsast getur. Um þá list sagði Oscar Wilde – og hugsaði þá til sjálfs síns áður en hann fór í fangelsi – að stærsti lösturinn væri yfirborðsmennskan.

Listaframleiðendur (ég hef enn ekki sagt listamenn) borgarastéttar Evrópu, fyrir og eftir 1900, sættu sig þannig við að vera óábyrgir vegna þess að ábyrgð fól í sér lýjandi rof við samfélagið (við vitum að þeir sem virkilega slitu sig frá því, eins og Rimbaud, Nietzsche og Strindberg, greiddu það dýru verði). Á þessu skeiði varð til hugtakið um listina fyrir listina, sem er ekkert nema krafa um þetta ábyrgðarleysi. Listin fyrir listina, dægrarstytting einföruls listamanns, er einmitt gervilist falsks, sjálfhverfs samfélags. Rökrétt útkoma þessa er list salónanna eða algjörlega formleg list sem nærast á tilgerð og óhlutbundinni list sem að lokum tortímur öllum raunveruleika. Nokkur verk hrífa þannig nokkra einstaklinga, á meðan margar grófar uppfinningar spilla hins vegar fjölmörgum öðrum. Að lokum tekur listin sér stað utan samfélagsins og slítur sig frá sínum eigin lífsrótum. Smám saman, jafnvel þótt hann njóti vinsælda, stendur listamaðurinn eftir einn, eða í það minnsta er hann óþekktur af samlöndum sínum nema fyrir milligöngu stórra fjölmiðla eða útvarpsins sem sýna af honum hentuga, einfaldaða útgáfu. Því sértækari sem listin er því brýnna er að gera hana aðgengilega. Á þennan hátt geta milljónir manna talið sig þekkja ýmsa listamenn okkar tíma vegna þess að heyrst hafi í fjölmiðlum að þeir rækti kanarífugla eða haldist aldrei lengur í hjónabandi en sex mánuði. Hápunktur frægðarinnar í dag felst í því að vera dáður eða hataður án þess að hafa verið lesinn. Hver sá listamaður sem þráir frægð í okkar samfélagi ætti að vita að það er ekki hann sem mun verða frægur, heldur einhver annar undir hans nafni, einhver sem mun að lokum ganga honum úr greipum og ef til vill, drepa þann sanna listamann sem í honum býr.

Það kemur því ekki á óvart að nær allt sem var skapað í markaðssamfélagi Evrópu níttjándu og tuttugustu aldar og sem er einhvers virði, til dæmis í bókmenntum, hafi risið upp gegn samfélagi síns tíma! Það má segja að fram að frönsku byltingunni, hafi bókmenntir að langmestu leyti fylgt valdhöfum. Frá þeirri stundu er borgarastéttin sem varð til í byltingunni, náði stöðugleika, þróuðust aftur á móti uppreisnarbókmenntir. Í Frakklandi, sem dæmi, var opinberum gildum hafnað, bæði af þeim sem héldu á lofti gildum byltingarinnar, frá rómantikurunum til Rimbaud, og af þeim sem stóðu vörð um gildi aðalsins og þar eru Vigny og Balzac góð dæmi. Báðir

Þessir þjóðfélagshópar, almenningur og yfirstéttin, sem eru grunnstoðir allrar siðmenningar, tóku afstöðu gegn gervisamfélagi síns tíma.

En þessi höfnun hefur nú verið við lýði svo lengi að hún hefur glatað merkingu sinni og leitt til annars konar hugmyndafrættar. Klisjan um hið bölvada skáld er fæðist inn í markaðssamfélagið (Chatteron er þar besta dæmið) hefur orðið að fordómum sem koma fram í þeirri hugsun að listamenn geti aðeins verið stórfenglegir, hafni þeir samfélagi síns tíma, hvernig svo sem það samfélag kann að vera. Sú hugmynd átti rétt á sér í fyrstu, þegar fullyrt var að sannur listamaður ætti ekki samleið með heimi peninganna, en úrelt þegar þegar það var túlkað á þann hátt að listamaðurinn gæti ekki sannað sig nema með því að vera almennt á móti öllu. Þar af leiðandi þrá margir listamenn okkar samtíma að vera útskúfað, finna fyrir sektarkennd séu þeir það ekki, þrá að heyra lófatak og blístur í senn. Samfélagið í dag er þreytt og tómlátt og klappar og blístrar þar af leiðandi ekki nema fyrir tilviljun. Menntamaður okkar tíma reigir sig því æ meir, í þeim tilgangi að sýnast stærri. En með því að hafna öllu, jafnvel hefð sinnar eigin listar, lifir listamaður samtímans í þeirri blekkingu að hann skapi sína eigin reglu og að lokum telur hann sig vera Guð. Hann telur sig geta skapað sinn eigin raunveruleika. En langt frá eigin samfélagi, skapar hann þó ekkert nema formlega eða óhlutbundna list, hrífandi upplifun en gersneydda þeirri grósku sem tilheyrir hinni sönnu list, sem hefur þá köllun að sameina. Að lokum, þá verður jafn mikill blæbrigðamunur á milli abstraktlistar nútímans og verka Tolstojs eða Molière, eins og á milli skuldabréfs sem er gefið út á ósýnilegt hveiti og hins frjóa jarðvegar plógfarsins.

II

Á þennan hátt getur listin verið blekkjandi lygi. Við erum þar af leiðandi ekki hissa á því að menn eða listamenn hafi viljað nema staðar og snúa aftur til sannleikans. Frá þeirri stundu höfnuðu þeir því að listamaðurinn ætti rétt á einsemd og fengu honum sem viðfangsefni, ekki drauma hans, heldur raunveruleikann sem við lifum öll í og þurfum að umbera. Þessir menn voru sannfærðir um að listin fyrir listina, bæði vegna viðfangsefna sinna og stíls, væri óskiljanleg fyrir múginn eða tjáði ekki raunveruleika hans og þeir vildu að listamaðurinn talaði um og fyrir meirihlutann. Að hann þýddi þjáningar og hamingju allra yfir á tungumál allra og þá myndu allir skilja hann. Að launum fyrir algera hollustu í garð raunveruleikans uppskæri hann fullkominn samhljóm milli manna.

Þessi draumur um samhljóm tilheyrir í raun öllum miklum listamönnum. Andstætt því sem almennt er talið þá er það einmitt listamaðurinn sem á ekki rétt á einsemd. List getur ekki verið einræða. Þegar hinn einförli og óþekkti listamaður vill sjálfur að verk sín berist til komandi kynslóða gerir hann ekkert nema staðfesta sína innstu köllun. Honum finnst ómögulegt að tala við samtímamenn sína, sem heyra ekki eða taka ekki eftir, og kallar því eftir samræðum við fleiri, við þær kynslóðir er koma munu.

En til þess að tala um alla og við alla, verður að tala um það sem allir þekkja og þann raunveruleika sem er okkur sameiginlegur. Hafið, regnið, þörfina, þrána, baráttuna gegn dauðanum, það er að segja, það sem sameinar okkur öll. Við sameinumst í því sem við sjáum saman, í því sem við umberum saman. Draumar breytast frá manni til manns, en raunveruleiki heimsins er okkar sameiginlega föðurland. Þrá raunsæisstefnunnar er því réttlæt看leg, þar sem hún hefur djúpstæð tengsl við ævintýri listarinnar.

Verum því raunsæ. Eða öllu heldur, reynum að vera það, sé það mögulegt. Vegna þess að það er ekki víst að orðið hafi merkingu, það er ekki víst að raunsæið sé mögulegt, jafnvel þótt það sé æskilegt. Spyrjum okkur fyrst hvort algert raunsæi sé mögulegt í list. Ef við trúum yfirlýsingum natúralista síðustu aldar þá er raunsæið fullkomin endursköpun raunveruleikans. Hann er þar af leiðandi fyrir listina það sem ljósmyndun er fyrir málverkið: ljósmyndin endurskapar en málverkið velur. En hvað endurskapar ljósmyndin og hvað er raunveruleikinn? Jafnvel bestu ljósmyndirnar eru, þrátt fyrir allt, ekki nógu áreiðanlegar endurgerðir, ekki nógu raunsæjar. Hvað er raunsærra, sem dæmi, í heimi okkar, heldur en líf manns og hvernig getur maður vonast eftir því að endurskapa það betur en í raunsærri kvikmynd? En við hvaða skilyrði væri

slík kvikmynd möguleg? Við algjörlega óraunhæf skilyrði. Það þyrfti í raun að gera ráð fyrir fullkominni myndavél sem beindist að þessum manni jafnt dag sem nótt, sem festi stanslaust á filmu hans minnstu hreyfingar. Útkoman væri kvikmynd sem tæki mannsævi að sýna og gæti ekki verið sýnd nema þeim áhorfendum sem sættu sig við það að kasta á glæ eigin lífi til þess að fylgjast með tilveru einhvers annars í smáatriðum. Jafnvel með þessum skilyrðum yrði þessi óhugsandi kvikmynd ekki raunsæ. Vegna þeirrar einföldu ástæðu að raunveruleiki lífs manns er ekki eingöngu bundinn við þann stað er hann stendur á. Hann er að finna í öðrum lífum sem móta hans eigið, lífum þeirra sem hann elskar, til að byrja með, sem þyrfti einnig að kvikmynda, en einnig lífum ókunnugra manna, valdamikilla og aumkunarverðra, meðborgara, lögreglumanna, kennara, ósýnilegra förunauta í kolanámum og á byggingarsvæðum, diplómata og einræðisherra, trúaðra umbótasinna, listamanna sem skapa goðsagnir sem hafa afgerandi áhrif á líf okkar, í stuttu máli, auðmjúkra fulltrúa hinnar æðstu hendingar sem stjórnar jafnvel allra skipulögðustu tilverunum. Þar af leiðandi er bara ein fullkomlega raunsæ kvikmynd möguleg, sú sem er viðstöðulaust varpað upp fyrir framan okkur með ósýnilegu apparati á skjá heimsins. Eini raunsæi listamaðurinn væri Guð, ef hann er til. Aðrir listamenn eru óhjákvæmilega ótrúir raunveruleikanum.

Þá strax eru þeir listamenn sem hafna smáborgarasamfélaginu og formfastrí list þess, sem vilja tala um raunveruleikann og aðeins hann, staddir í átakanlegri blindgötu. Þeir eiga að vera raunsæir en geta það ekki. Þeir vilja gera list sína að þjóni raunveruleikans en það er ekki hægt að lýsa raunveruleikanum nema með því að velja og þá lýtur raunveruleikinn frumleika listarinnar. Hin fagra og harmræna framleiðsla á fyrstu árum rússnesku byltingarinnar sýnir okkur vel þessa angist. Það sem Rússland gaf okkur á þessum tíma með Blok og hinum magnaða Pasternak, Majakovskí og Jesení, Eisenstein og fyrstu skáldsagnahöfundum sements og stáls, er dýrðleg rannsóknarstofa forma og viðfangsefna, frjósamur óróleiki, tryllt leit. Samt sem áður var nauðsynlegt að komast að niðurstöðu og segja hvernig við gætum verið raunsæ, þrátt fyrir að raunsæið væri ómögulegt. Einræðið, hér eins og annars staðar, komst beint að kjarna málsins: raunsæið var í fyrsta lagi nauðsynlegt og í öðru lagi mögulegt, með því skilyrði að það væri sósíalískt. Hver er merking þessarar tilskipunar?

Í raun gefur slík tilskipun til kynna að raunveruleikinn getur ekki verið endurskapaður án þess að velja og hún hafnar kenningunni um raunsæi eins og hún var sett fram á nítjándu öldinni. Hún á aðeins eftir að finna valreglu sem heimurinn mun þekkja. Og hún finnst ekki í raunveruleikanum sem við þekkjum, heldur í þeim

raunveruleika sem mun verða, það er að segja, í framtíðinni. Til að endurskapa vel það sem er, þarf einnig að mála það sem verður. Með öðrum orðum, hið sanna viðfangsefni sósíalíks raunsæis er nákvæmlega það sem er ekki ennþá orðið að raunveruleika.

Þversögnin er býsna stórkostleg. En þegar allt kemur til alls þá var hugtakið um sósíalískt raunsæi alltaf þversagnakennt. Hvernig getur sósíalískt raunsæi verið mögulegt, þegar raunveruleikinn er ekki fullkomlega sósíalískur? Hann er ekki sósíalískur, hvorki í fortíðinni né í nútíðinni. Svárið er einfalt: Við veljum í raunveruleika dagsins í dag eða gærdagsins, það sem undirbýr og þjónar hinni fullkomnu borg framtíðarinnar. Við helgum okkur þar af leiðandi, annars vegar því að hafna og fordæma það sem í raunveruleikanum er ekki sósíalískt, og hins vegar því að vegsama það sem er sósíalískt eða mun verða það. Við uppskerum óumflýjanlega áróðurslist, með hetjum sínum og illmennum, dægurbókmenntir sem eru í stuttu máli jafn fjarlægjar hinum flókna raunveruleika lífsins og formstefnulistin. Að lokum mun sú list verða sósíalísk að nákvæmlega jafnmiklu leyti og hún verður ekki raunsæ.

Þessi fagurfræði, sem ætlaði sér að vera raunsæ, verður þar af leiðandi ný hugsjónastefna, jafn steingeld fyrir hinn sanna listamann og hugmyndafræði smáborgarasamfélagsins. Raunveruleikinn er aðeins hafinn til vegs og virðingar til þess að auðveldara sé að losa sig við hann. Listin er gerð að engu. Hún þjónar og þegar hún þjónar, er hún hneppt í þrældóm. Aðeins þeir sem forðast að lýsa raunveruleikanum verða kallaðir raunsæismenn og lofaðir sem slíkir. Hinir verða ritskoðaðir við fagnaðarlæti frá hinum fyrrnefndu. Frægðin, sem í smáborgarasamfélaginu fólst í því að vera ekki lesinn eða misskilinn, mun í alræðissamfélagi felast í því hindra það að aðrir séu lesnir. Líka þá mun sönn list verða afskræmd eða þögguð og samhljómur milli manna gerður ómögulegur af þeim sem þráðu hann hvað heitast.

Það auðveldasta í stöðunni, þegar kemur að slíkum ósigri, væri að játa að hið svokallaða sósíalíska raunsæi hafi lítil tengsl við sanna list og að byltingarsinnar ættu að leita að annarri fagurfræði. Við vitum aftur á móti að verjendur þessarar fagurfræði lýsa því yfir háum rómi að engin önnur list sé möguleg. Þeir hrópa það. En mín dýpsta sannfæring er sú að þeir trúu því ekki og að þeir hafi ákveðið, með sjálfum sér að listræn gildi verði að lúta gildum byltingarinnar og hennar gerðum. Væri þetta sagt skýrt og greinilega, væri umræðan auðveldari. Við getum borið virðingu fyrir þessari gífurlegu afneitun af hálfu þeirra sem líða fyrir andstæðuna milli ógæfu allra og forréttindanna sem oft fylgja listamannalífinu, sem hafna þeirri óbærilegu fjarlægð sem skilur að þá sem eymdin þaggar niður í og þá sem aftur á móti hafa þá köllun að tjá sig linnulaust.

Við gætum skilið slíka menn, freistað þess að tala við þá, til dæmis reynt að segja þeim að það að bæla listrænt frelsi sé kannski ekki rétta leiðin til þess sigrast á ánauðinni og að á meðan beðið sé eftir að hægt sé að tala fyrir alla, sé heimskulegt að neita sér um að geta í það minnsta talað fyrir nokkra. Já, hið sósíalíska raunsæi ætti að gangast við skyldleika sínum við pólitískt raunsæi, sem er tvíburi þess. Það fórnar listinni fyrir tilgang sem stendur utan hennar en sem getur virst standa ofar henni í gildismati. Í stuttu máli, þá er listin lögð til hliðar um stundarsakir, til þess að koma fyrst á fót réttlæti. Þegar réttlætið ríkir, í enn óljósri framtíð, mun listin vakna aftur til lífsins. Við beitum þannig á listina þeirri gullnu reglu gáfumanna samtímans að það sé ómögulegt að útbúa eggjæræru án þess að brjóta egg. En við megum ekki láta blekkjast af þessari yfirþyrmandi almennu skynsemi. Það er ekki nóg að brjóta þúsundir eggja til þess að búa til góða eggjæræru og hæfileikar kokksins verða, að ég held, ekki mældir eftir magni eggjaskurnar. Listrænir kokkar okkar tíma hljóta aftur á móti að óttast það að velta fleiri eggjakörfum en þeir hefðu viljað og þar með að eggjæræra siðmenningarinnar heppnist aldrei framar, það er að segja, að listin verði aldrei endurvakin. Villimennskan er aldrei tímabundin. Það er ekki hægt að afmarka hana og því er eðlilegt að hún teygi sig frá listinni í átt til siðferðisins. Þá sjáum við lítilvægar bókmenntir spretta upp úr eynd og blóði manna, vilhalla fjölmiðlaumfjöllun, yfirborðslegar mannlýsingar og „uppbyggileg“ verk þar sem hatrið leysir trúna af hólmi. Hér nær listin hátindi sínum í fyrirskipaðri bjartsýni sem er versti munaðurinn og smánarlegasta lygin.

Hvernig getur það komið okkur á óvart? Þjáning mannkyns er svo stórt viðfangsefni að svo virðist sem enginn geti nálgast það, nema með því að vera eins og Keats, sem sagt var að væri svo næmur að hann gæti snert eymdina sjálfa með berum höndum. Við sjáum það vel þegar áróðursbókmenntir fást við að beina opinberum huggunarorðum að þessari þjáningu. Lygin um listina fyrir listina fólst í því að þykjast ekkert vita um hið illa og þar af leiðandi er hún meðsek. Lygi raunsæisins, aftur á móti, þrátt fyrir að játa af hugrekki núverandi eynd mannkynsins, svíkur hana jafn alvarlega með því að nýta sér hana til þess að dásama hamingju sem koma skal, sem enginn veit neitt um og gefur þar með alls kyns blekkingum lausan tauminn.

Þessar tvær tegundir fagurfræði, sem lengi hafa tekist á, sú er mælir með algjörrri afneitun á því sem er efst á baugi, og hin sem þykist afneita öllu sem er ekki efst á baugi, mætast þó að lokum, langt frá raunveruleikanum, í sömu lygi og með útlegð

listarinnar. Íhaldsstefna hægri vængsins hundsar eynd sem íhaldsstefna vinstri vængsins notar. Í báðum tilfellum eykst þó eyndin samhliða afneitun listarinnar.

III

Verðum við að álykta að þessi lygi sé sjálfur kjarni listarinnar? Ég segði frekar að þau viðhorf sem ég hef lýst hér að framan séu aðeins lygar í þeim skilningi að þau eiga fátt skylt við listina. En hvað er þá list? Ekki er hún einföld, svo mikið er víst. Þar að auki er ennþá erfiðara að átta sig á því innan um hróp svo margra sem allt vilja einfalda. Við viljum annars vegar að snillingáfan sé dýrðleg og einförul, hins vegar væntum við þess að hún líkist öllum öðrum. Því miður er raunveruleikinn talsvert flóknari. Balzac kom því til skila með einni setningu: „Snillingurinn líkist öllum en honum er enginn líkur“. Þetta á við um listina, hún er ekkert án raunveruleikans og án listarinnar er raunveruleikinn lítillvægur. Hvernig gæti listin sniðgengið raunveruleikann og hvernig gæti hún mögulega gefið sig honum á vald? Listamaðurinn velur viðfangsefni sitt að jafn miklu leyti og það velur hann. Listin er, í ákveðnum skilningi, bylting gegn öllu hvikulu og óloknu í heiminum. Þar af leiðandi er eina markmið hennar að endurskapa raunveruleika sem hún neyðist samt sem áður til að varðveita þar sem hann er uppspretta uppnámsins eða tilfinningarinnar. Hvað þessu viðkemur eru allir og þó enginn raunsær. Listin er hvorki fullkomin höfnun né algjört samþykki þess sem er. Hún er í senn höfnun og samþykki og það er ástæða þess að hún getur ekki verið annað en linnulaust hugarangur. Listamaðurinn lifir og hrærist stöðugt í þessari tvíræðni, hann er ófær um afneita raunveruleikanum en samt verður hlutverk hans ævinlega það að véfengja hann þar sem raunveruleikinn mun ævinlega verða ókláraður. Til þess að mála kyrralífsmynd verða málarinn og eplið að mætast augliti til auglitis og leiðréttu hvort annað. Þótt form og lögung séu ekkert án birtu heimsins, auðga þau líka þessa birtu. Raunheimurinn sem með ljóma sínum framkallar líkama og stytur, fær jafnframt frá þeim nýja birtu, sem festir birtu himinsins. Hinn mikilfenglegi stíll er þar af leiðandi mitt á milli listamannsins og viðfangsefnis hans.

Þetta snýst semsagt ekki um að vita hvort listin verði að flýja raunveruleikann eða lúta honum, heldur aðeins um að vita hversu mikið magn raunveruleika listaverk þarf sem kjölfestu til þess að hverfa hvorki upp í skýin né silast áfram í skóm með blýsólum. Hver listamaður leysir þetta vandamál samkvæmt sinni sannfæringu og getu. Því uppreisnargjarnari sem listamaðurinn er gagnvart raunveruleika heimsins, því þyngra vegur gjarnan raunveruleikinn sem gerir honum kleift að halda jafnvægi. En þessi þungi getur aldrei slökkt þrá listamannsins eftir einveru. Merkilægustu verkin munu alltaf vera verk sem skapa jafnvægi milli raunveruleikans og höfnunar mannsins á honum, líkt og í grísku harmleikjunum eða í verkum Melville, Tolstoj og Molière, þar

sem þessir tveir þættir spila óendanlega saman í eins konar upphafi sem er lífið sjálft í gleði sinni og angist. Þá rís annað slagið, í fjarska, nýr heimur. Hann er ólíkur hinum hversdagslega heimi en þó eins, einstakur en altækur, fullur sakleysislegs óöryggis, vakinn til lífsins í nokkrar klukkustundir af krafti og ófullnægju snilligáfunnar. Það er einmitt þetta og þó ekki, heimurinn er ekkert og heimurinn er allt. Þetta er hið mótsagnarkennda og þrotlausa óp allra sannra listamanna. Óþið sem heldur listamanninum uppi, með augun opin, og sem vekur smátt og smátt upp hjá okkur öllum í hinum svefndrukkna heimi, skammæra og þráláta mynd af raunveruleika sem við þekkjum aftur, án þess að hafa nokkurn tímann litið hann augum.

Listamaðurinn getur sömuleiðis hvorki snúið baki við né týnt sér í samtíma sínum. Snúi hann sér frá honum, talar hann í tómið. Fáist hann hins vegar við samtíð sína, gerir hann eigin tilveru að viðfangsefni og getur því ekki gefið sig allan að verkinu. Með öðrum orðum, staðfestir listamaðurinn hver hann er á því augnabliki er hann kýs að deila örlögum allra. Hann getur ekki flúið frá þessari tvíræðni. Listamaðurinn tekur frá sögunni það sem hann sjálfur sér af henni eða upplifir, beint eða óbeint, þ.e. samtímamann, í orðsins fyllstu merkingu, og mennina sem lifa á okkar tímum, en ekki tengsl samtímans við framtíð sem hinn lifandi listamaður getur ekki séð fyrir. Það að dæma nútímamanninn í nafni manns sem enn er ekki til er spámenska. Listamaðurinn getur aðeins metið goðsögunnar sem honum bjóðast eftir því hvaða áhrif þær hafa á hinn lifandi mann. Hinn trúrækni eða pólitíski spámaður dæmir skilyrðislaust og hann veigrar sér ekki við því. Listamaðurinn getur það ekki. Ef hann dæmir skilyrðislaust, klýfur hann raunveruleikann án blæbrigða í hið góða og hið illa eins og í melódrama. Aftur á móti er markmið listarinnar ekki það að setja lög eða stjórna, heldur fyrst og fremst að skilja. Stundum verður hún allsráðandi, vegna þess að hún skilur. En ekkert snilldarverk hefur nokkru sinni verið byggt á hatri og lítilsvirðingu. Það er þess vegna sem listamaðurinn, við ferðalok, fyrirgefur frekar en að dæma. Hann er ekki dómari, heldur verkfæri réttlætisins. Hann er hinn óþreytandi talsmaður hinnar lifandi veru, vegna þess að hún lifir. Hann talar af einlægni fyrir því að elska náungann en ekki hið fjarlæga sem gerir húmanisma samtímans ekki að öðru en talsmanni dómstólanna. Þvert á móti þá mun hið mikla listaverk að lokum gera alla dómara orðlausu. Með því heiðrar listamaðurinn samtímis manninn í sinni mikilfenglegustu mynd og hneigir sig fyrir hinum verstu glæpamönnum. Oscar Wilde skrifaði í fangelsinu: „Það er ekki einn vesæll maður með mér á þessum ömurlega stað sem ekki er í táknrænu sambandi við leyndarmál lífsins“. Já, leyndarmál lífsins, er samtvinnað leyndarmáli listarinnar.

Í hundrað og fimmtíu ár héldu þeir rithöfundar sem tilheyrðu markaðssamfélaginu, þó með örfáum undantekningum, að þeir gætu lifað hamingjusamir í ábyrgðarleysi. Þeir lifðu, vissulega, síðan dóu þeir einir, eins og þeir höfðu lifað. Við hin, rithöfundar tuttugustu aldar, verðum aldrei aftur ein. Við verðum aftur á móti að átta okkur á því við getum aldrei sloppið undan okkar sameiginlegu eynd og okkar eina réttlætning, sé hún til, er að tjá okkur, eins og við getum, fyrir þá sem ekki geta það. Við verðum að gera það fyrir alla þá sem þjást á þessari stundu, án tillits til mikilvægis þeirra ríkja og flokka sem kúga þá, hvort sem er í fortíð eða framtíð. Frammi fyrir listamanninum njóta engir böðlar forréttinda. Það er þess vegna sem fegurðin, jafnvel í dag, sérstaklega í dag, getur ekki þjónað neinum flokki; hvort sem litið er til lengri eða skemmri tíma þjónar hún einungis þjáningu manna eða frelsi. Eini listamaðurinn sem tekur raunverulega afstöðu er sá sem, án þess að neita því að taka þátt í baráttunni, neitar í það minnsta að ganga til liðs við hinar hefðbundnu hersveitir, sá sem þorir að synda á móti straumnum. Lexían sem hann finnur þá í fegurðinni, sé hún fengin á heiðarlegan hátt, er ekki sjálfelska, heldur harðgert bræðralag. Í þessum skilningi hefur fegurðin aldrei hneppt neinn í ánaud. Í þúsundir ára, hvern dag, hverja sekúndu, hefur hún aftur á móti gert ánaud milljóna manna bærulegri og frelsað suma þeirra fyrir fullt og allt. Þegar öllu er á botninn hvolft, liggur mikilfengleiki listarinnar kannski í hinni ævarandi togstreitu milli fegurðar og sársauka, mannkærleika og brjálsemi sköpunarinnar, óbærilegrar einsemdar og lýjandi mannfjölda, höfnunar og samþykkis. Listin fetar slóð milli tveggja hyldýpa, yfirborðsmennsku og áróðurs. Á brúninni, þar sem hinn mikli listamaður þokast áfram, er hvert skref ævintýri, gríðarleg áhætta. Í þessari áhættu, hins vegar, og aðeins þar, liggur frelsi listarinnar. Þungbært frelsi sem í raun svipar meira til aga og meinlætis. Hvaða listamaður myndi neita þessu? Hvaða listamaður myndi þora að segja að hann réði við þetta óendanlega verkefni? Frelsi af þessu tagi krefst andlegs og líkamlegs heilbrigðis, yfirbragðs sem endurspeglar styrk sálarinnar og óþrjótandi þolinmæði. Því fylgir, eins og öllu frelsi, stöðug áhætta, þetta er lýjandi ævintýri, og það er þess vegna sem fólk forðast þessa áhættu eins og það forðast hið kröfuharða frelsi og flýtir sér að fórna því til þess að öðlast í það minnsta einhvers konar sálarró. En ef listin er ekki ævintýri, hvað er hún þá og hvernig er hún réttlætning? Eins og hinn frjálsi maður er hinn frjálsi listamaður ekki maður þæginda. Hinn frjálsi listamaður er sá sem skapar, með miklu erfiði, sína eigin reglu. Því óagaðra sem það er sem hann verður að koma reglu á, því fastar verður hann að standa á gildum sínum og þeim mun frjálsari verður hann. Gide sagði eitt sinn: „Listin þrífst á höftum og

deyr af frelsi,“ og þessu hef ég ætíð verið sammála, þrátt fyrir að það verði auðveldlega misskilið. Þetta er satt. En þetta má ekki túlka sem svo að hægt sé að stjórna listinni. Listin þrífst einungis á þeim höftum sem hún setur sér sjálf, hún deyr af öllum öðrum. Setji hún sér hins vegar engin höft, verður hún að þrugli og þræl skugga. Sú list sem er hvað frjálsust og uppreisnargjörmost verður þar af leiðandi sú klassískasta; hún launar mesta erfiðni. Svo lengi sem samfélag og listamenn þess sætta sig ekki við þetta langa og frjálsa erfiði, svo lengi sem þeir gleyma sér í þægindaramma afþreyingar eða undirgefni, í leik listarinnar fyrir listina eða predikunum rausæislistarinnar, munu þeir sitja fastir í níhilisma og hugmyndafráttækt. Að segja þetta, er að segja að endurreisn vorra tíma velti á hugrekki okkar og vilja til þess að vera skarpskyggn.

Já, þessi endurreisn er í höndum okkar allra. Það er undir okkur komið hvort Vesturlönd vekja upp andstæður Alexanders sem binda aftur Gordíons-hnútt siðmenningarinnar, sundurhöggvinn af sverðinu. Til þess verðum við að vera reiðubúin að mæta öllum áhættum og erfiðni frelsisins. Þetta snýst ekki um að vita hvort okkur takist að varðveita frelsið á meðan við sækjumst eftir réttlætinu. Þetta snýst um að vita að án frelsisins áorkum við engu og glötum bæði réttlæti framtíðarinnar og fegurð fortíðarinnar. Frelsið eitt bindur enda á einangrun manna; ánauðin vofir hins vegar aðeins yfir fjölda einmana sálna. Vegna hennar eðlislæga frelsis sem ég hef reynt að skilgreina, sameinar listin á meðan kúgun sundrar. Það kemur þar af leiðandi ekki á óvart, að listin sé útnefndur óvinur kúgunar í öllum sínum myndum. Það kemur heldur ekki á óvart að listamenn og hugsuðir séu fyrstu fórnarlömb nútíma harðstjórna og skeytir þá engu hvort þær koma frá hægri eða vinstri. Harðstjórar vita að í listaverki liggur frelsunarkraftur sem er aðeins hulinn og óskiljanlegur þeim sem ekki tilbiðja hann. Öll mikilfengleg listaverk gera andlit manneskjunnar dásamlegra og auðga það, í því felst leyndarmál þeirra. Þúsundir útrýmingarbúða og fangaklefa duga ekki til að þurrka út þennan áhrifamikla vitnisburð um mannlega reisn. Því er það ekki satt að hægt sé að stöðva menninguna, ekki einu sinni tímabundið, til þess að búa til aðra. Við gerum ekki hlé á ævarandi vitnisburði mannsins um þjáningar hans og göfuglyndi, við gerum ekki hlé á andardrætti. Það er engin menning án arfleifðar og við getum ekki og megum ekki hafna því sem okkur tilheyrir, arfleifð Vesturlandanna. Hver sem verk framtíðarinnar verða, munu þau öll bera í sér þetta sama leyndarmál byggt á hugrekki og frelsi, sem nærast á dirfsku þúsunda listamanna allra tímabila og allra þjóða. Þegar harðstjórn nútímans sýnir okkur að listamaðurinn er opinber óvinur, jafnvel þegar hann

er niðursökkinn í vinnu sína, þá hefur hún rétt fyrir sér. Og þannig heiðrar harðstjórnin ímynd manns sem ekkert hefur hingað til yfirbugað.

Niðurstaða mín verður einföld. Hún felst í því að segja „fögnum“ í miðjum skarkala og ofsa sögu okkar. Fögnum því að hafa vissulega orðið vitni að dauða Evrópu sem lifði í þægindaramma lygarinnar. Fögnum því að standa augliti til auglitis við miskunnarlausan veruleikann. Fögnum sem menn, vegna þess að langvarandi blekking hrundi og við sjáum skýrt og greinilega hvað það er sem ógnar okkur. Fögnum sem listamenn, vaktir af svefni og doða, sem haldið er nauðugum frammi fyrir eynd, fangelsum og blóði. Ef við getum, frammi fyrir slíkri sýn, varðveitt minningu daga og andlita, og ef við getum á hinn bóginn, frammi fyrir fegurð heimsins, munað eftir þeim sem voru niðurlægðir, þá mun vestræn list smátt og smátt endurheimta krafta sína og dýrð. Vissulega eru fá dæmi í mannkynssögunni um listamenn sem staðið hafa frammi fyrir jafn íþyngjandi vandamálum. En þegar jafnvel einföldustu orð og setningar kosta frelsi og blóð, lærir listamaðurinn að meðhöndla þau varlega. Hættan skapar klassíkina og þegar öllu er á botninn hvolft á allur mikilfengleiki rætur sínar að rekja til áhættu.

Tími hinna óábyrgu listamanna er liðinn. Við munum sakna hans vegna okkar skammæru gleðistunda. En okkur verður ljóst að þetta mótlæti stuðlar um leið að möguleika okkar til að vera einlæg og sönn og við munum taka áskoruninni. Frelsi listarinnar er ekki mikils virði þegar eini tilgangur þess er að auka á þægindi listamannsins. Ef gildi og dyggðir eiga að geta að skotið rötum í samfélagi má ekki ljúga til um þau, með öðrum orðum, þá þarf að borga fyrir þau í hvert sinn sem hægt er. Ef frelsið er orðið hættulegt er ekki lengur hægt að selja það. Sem dæmi, þá get ég ekki verið sammála þeim sem kvarta yfir hnignun viskunnar. Svo virðist sem þeir hafi rétt fyrir sér. En í raun hnignaði viskunni aldrei jafn mikil og þegar hún var áhættulaus dægradvöl nokkurra húmanista á bókasöfnum. Í dag, þegar hún stendur loks frammi fyrir alvöru hættum, er möguleiki á því að hún rísi aftur upp og endurheimti virðingu sína.

Sagt er að Nietzsche hafi dregið sig inn í endanlega einsemd eftir sambandsslitin við Lou Salomé, niðurbrotinn og fullur ákafa í senn vegna tilhugsunarinnar um þetta gríðarstóra verk sem hann varð að halda áfram með án nokkurrar hjálpar. Hann gekk um fjöllin að næturlagi og horfði yfir Genóa-flóann, kveikti bál úr laufum og trjágreinum sem hann horfði á brenna. Mig hefur oft dreymt þessa elda og í huganum hef ég stundum ímyndað mér ákveðna menn og ákveðin verk fyrir framan eldana, sem prófstein. Samtími okkar er einn þessara elda, óbærilegur hiti logans mun vissulega brenna margt verkið til ösku! En kjarni þeirra sem eftir standa verður óskaddaður og yfir þeim getum við leyft okkur að fagna innilega og fyllast því sem kallast „aðdáun“.

Auðvitað þráum við, eins og ég sjálfur, mildari loga og stundarfrið fyrir draumóra. En kannski er enginn annar friður fyrir listamanninn en sá sem hann finnur í hita bardagans. „Allir veggir eru dyr,“ sagði Emerson svo réttilega. Við ættum aðeins að leita að dyrunum og leiðinni út í þeim vegg sem við lifum upp við. Leitum hins vegar að friðinum þar sem hann er, ég á við í miðri orrustunni. Vegna þess að mínu mati, og það verða lokaorðin, er hann þar. Sagt er að stórkostlegar hugmyndir svífi mjúklega eins og dúfur inn í heiminn. Kannski getum við þá heyrt, ef við hlustum vel, í gegnum skarkala heimsvelða og þjóða, léttan vængjaþyt, flöktandi nið lífsins og vonarinnar. Sumir munu segja von þessa búa í þjóð, aðrir í manni. Ég trúi því hins vegar að hún sé sköpuð, endurvakin og viðhaldið af milljónum einfara sem dag hvern, með gjörðum sínum og verkum, hafna landamærum og grófustu birtingarmyndum sögunnar; með þjáningum sínum og gleði, upphefja þeir sannleikann sem er ætíð í hættu, svo hann megi skína skært fyrir alla í eitt augnablik.